

Föstudaginn 13. október 1989.

Nr. 216/1988. **Bjarni Hólmgrímsson**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Íðnaðarbanka Íslands hf.

(Þórður Gunnarsson hrl.).

Fjárnámsgerð. Valdmörk fógeta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. júní s.á. samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og stefndi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að fjárnámsgerðin verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Með áskorunarstefnu 25. febrúar 1985, er birt var áfrýjanda kl. 17.00 11. apríl s.á., höfðaði stefndi mál gegn honum o.fl. á bæjarþingi Akureyrar til heimtu skuldar samkvæmt vixli, upphaflega að fjárhæð 5.000.000,00 kr., með gjalddaga 2. apríl 1984. Áfrýjandi var ábekingur á vixlinum.

Áskorunarstefnan var þingfest kl. 13.30 18. apríl s.á. Sama dag áritaði Freyr Ófeigsson héraðsdómari stefnuna um aðfararhæfi að liðnum sjö sólarhringum.

Hinn 1. júní 1987 var áfrýjanda birt greiðsluáskorun samkvæmt nefndri stefnuáritun. Hinn 30. s.m. sendi lögmaður stefnda sýslumanni Þingeyjarsýslu beiðni um fjárnám hjá áfrýjanda, sem fram fór 7. ágúst s.á. og mál þetta snýst um.

II.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að vixilréttur gagnvart sér hafi verið fyrndur við birtingu áskorunarstefnu, þar sem

þá hafi meira en ár verið liðið frá gjalddaga víxilsins. Í öðru lagi hafi stefnufrestur orðið styttri en sjö sólarhringar. Af þessum ástæðum hafi fógæti átt að synja með úrskurði um framkvæmd fjárnáms.

Kröfugerð áfrýjanda var enn fremur studd þeim rökum við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að við framkvæmd fjárnámsins hefði fógæti ekki gætt leiðbeiningarskyldu samkvæmt 114. gr., sbr. 223. gr., nú 238. gr., laga nr. 85/1936, að virðing eigna hefði ekki farið fram, þótt fjárnámið væri árangurslaust að hluta, og að annar tveggja votta við fjárnámið, Gunnar Sólmes hrl., hefði eigi fullnægt skilyrðum 41. gr. sömu laga um þingvotta vegna starfstengsla við lögmann fjárnámsbeiðanda, Árna Pálsson. Þessum málsástæðum var af hálfu stefnda mótmælt sem of seint fram komnum og einnig á þeim grundvelli, að þær ættu við engin gild rök að styðjast.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að fjárnám hafi verið gert samkvæmt lögformlegri aðfararheimild. Visar hann í því efni til 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 39. gr. aðfararlaga, nr. 19/1887.

III.

Aðfararheimild í máli þessu var í lögætu formi, og fógæti hafði ekki lagaheimild til að fjalla um efnisatriði hennar, sbr. 4. gr. aðfararlaga.

Það er athugavert við fjárnámsgerðina, að eignir gjörðarþola, sem fjárnám var gert í, voru ekki virtar til fjár, sbr. 1. mgr. 45. gr. aðfararlaga, en til þess var sérstök ástæða, þar sem fjárnámið var talið árangurslaust að hluta. Það er einnig athugavert við fjárnámsgerðina, að Gunnar Sólmes hrl. brast hæfi til að vera vottur við hana vegna starfstengsla við lögmann gjörðarbeiðanda. Þetta leiðir þó ekki til þess, að fjárnámsgerðin verði felld úr gildi, og eru engir þeir annmarkar á gerðinni, er leitt geti til ógildingar hennar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta fjárnámsgerðina.

Eftir atvikum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 50.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjandi, Bjarni Hólmgímsson, greiði stefnda, lðnaðarbanka Íslands hf., 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Þingeyjarsýslu 7. ágúst 1987.

Ár 1987, föstudaginn 7. ágúst, var fógetaréttur Þingeyjarsýslu settur að Svalbarði, Svalbarðsströnd, og haldinn af Snædísí Gunnlaugsdóttur ftr. með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið mál nr. 129/1987: Íðnaðarbanki Íslands gegn Guðmundi Þórisssyni, Inga Þ. Ingimarssyni og Bjarna Hólmgrímssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2 - 4, greiðsluáskorun, og nr. 5, áskorunarstefnu svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda sækir þing Árni Pálsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir 5.000.000,00 kr., með 2,5% mánaðarvöxtum af 5.000.000,00 kr. frá 2/4 1984 til 27/7 s.á., af 4.548.008,34 kr. frá þ.d. til 1/9 s.á., 2,75% frá þ.d. til 1/2 1985, 3,75% frá þ.d. til 1/3 s.á. 4% frá þ.d. til 1/6 s.á. 3,5% frá þ.d. til 11/9 s.á., 3,75% frá þ.d. til 1/3 1986, 2,75% frá þ.d. til 1/4 s.á., 2,25% frá þ.d. til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnaðar 250,00 kr., í stimpil- og afsagnarkostnað, 244.600,00 kr., í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, og 1.610,00 kr. fyrir ritun fjárnámsbeiðni, allt að frádregnum 2.241.682,00 kr., sem greitt hefur verið inn á skuldina.

Gerðarþoli, Bjarni Hólmgrímsson, býr hér og sækir þing. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekkert geta greitt. Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættis lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, húseigninni Laugartúni 18, Svalbarðseyri, og Seim-traktor Pd-554 og Pd-590 Massey Ferguson.

Gerðarþoli mótmælir réttmæti kröfunnar, þar sem borið hafi að sýkna sig fyrir bæjarþingi Akureyrar ex officio vegna fyrningar, og neitar að skrifa undir. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.